



Háskólinn á Hólum

Ársskýrsla 2015



Aðfaraorð	2
Stjórn og stoðþjónusta	3
Framkvæmda- og háskólaráð	3
Fjöldi starfsmanna	3
Stoðþjónusta	4
Fjármála- og þjónustusvið	4
Tölvu- og tæknimál	4
Bókasafn	4
Kynningarmál	4
Deildir	6
Ferðamáladeild	6
Nám og kennsla	6
Starfsfólk	6
Stjórnun	6
Rannsóknir	7
Þjónusta og samstarf	7
Fiskeldis- og fiskalíffræðideild	10
Nám og kennsla	10
Rannsóknir	10
Þjónusta og samstarf	10
Hestafræðideild	12
Nám og kennsla	12
Starfsmenn	12
Rannsóknir	12
Búrekstur – hrossahald	12
Önnur verkefni	13
Kennslu- og framhaldsnámssvið	15
Rannsóknasvið	18
Starfsemi	18
Rannsóknavirkni	18
Viðauki I. Birtingar	20
Viðauki II. Reikningar Háskólans á Hólum	26

Aðfaraorð

Háskólinn á Hólum býður upp á nám á fræðasviðum sem eru nátengd landfræðilegri stöðu skólans. Sérhæfing náms við háskólann er á fræðasviðum ferðamála í dreifbýli, viðburðastjórnunar, fiskeldis-, sjávar- og vatnalíffræði og hestafræða með áherslu á reiðmennsku og reiðkennslu. Fyrirkomulag námsins er ýmist staðbundið þar sem nemendur búa heima á Hólum, eða í næsta nágrenni skólans, eða blandað nám (fjarnám með staðbundnum lotum), óháð búsetu.

Vinnu að gæðamálum háskólans var fram haldið á árinu. Lokið var við innri úttekt ferðamáladeildar á vormisseri og um haustið lauk úttekt á hestafræðideild. Vinna að innri úttektum deilda við háskólann er viðbót við reglubundin störf starfsmanna deildanna og er þeim þakkað óeigingjarnt starf í þágu háskólans.

Met var slegið í umsóknum um nám við skólann og var 20% aukning í fjölda umsókna á milli áranna 2014 og 2015. Aukin aðsókn í nám við skólann er fagnaðarefni og endurspeglar orðspor menntunar við háskólann og mikilvægi fagmennsku í öllum starfsháttum, en fræðasvið háskólans eru nátengd ört vaxandi atvinnugreinum.

Fjölmarginir einstaklingar sóttu háskólann heim til styttri eða lengri dvalar, tengt samstarfsverkefnum við fræðimenn háskólans eða til þess að stunda eigin rannsóknir í umgjörð háskólans. Má þar meðal annars nefna hóp líffræðinema frá Háskóla Íslands sem dvaldi á Hólum í viku við nám í grasa- og vatnalíffræði í náttúru Skagafjarðar. Einnig dvöldu jarðfræðingar frá Universidad Complutense de Madrid á Spáni og líffræðingur frá University of New Brunswick, Kanada lungað úr sumrinu á Hólum við rannsóknir og ritstörf.

Nú sem endranær var alþjóðlegt yfirbragð starfsins áberandi en einstaklingar með 21 ríkisfang lögðu stund á nám við skólann. Alþjóðleg tengsl í fræðastarfi er íslensku háskólasamfélagi afar mikilvæg til mótunar þroskaðs og samkeppnishæfs umhverfis fyrir starfsfólk og nemendur skólanna. Háskólinn á Hólum leggur sig fram um að stuðla að samstarfi sem eykur breidd og styrkir starf skólans og menntun nemenda hans.

Á Hólum tökum við fagnandi á móti þeim sem sækja staðinn heim. www.holar.is

Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor

Stjórn og stoðþjónusta

Framkvæmda- og háskólaráð

Stjórn Háskólans á Hólum er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskólans. Rektor Háskólans á Hólum er Erla Björk Örnólfsdóttir. Rektor er formaður háskólaráðs. Fulltrúar þess eru, auk rektors, Katrín Sigurðardóttir (Óttar Guðjónsson varamaður), tilnefnd af menntamálaráðherra, Bjarni Kristófer Kristjánsson, Sveinn Ragnarsson (Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Mette Camilla Moe Mannseth, varamenn) fulltrúar starfsmanna Háskólans á Hólum, Helgi Sigurðsson (Anna Margrét Jakobsdóttir) fulltrúar stúdenta. Jón Eðvald Friðriksson og Emma Eypórsdóttir (Sigurbjörn Bárðarson, varamaður) valin til setu af fimm manna háskólaráði samanber lög um opinbera háskóla.

Framkvæmdaráð háskólans sinnir daglegum rekstri og samræmir starf sviða og deilda. Í því sátu Erla Björk Örnólfsdóttir rektor, Bjarni Kristófer Kristjánsson deildarstjóri, Guðmundur Björn Eypórsson fjármálastjóri, Sveinn Ragnarsson deildarstjóri og Georgette Leah Burns deildarstjóri þar til 15. desember að Laufey Haraldsdóttir tók við deildarstjórn og setu í framkvæmdaráði.

Fjöldi starfsmanna

Árið 2015 unnu 55 starfsmenn við Háskólann á Hólum, í 38,8 stöðugildum. Þessi mikli munur milli fjölda starfsmanna við skólann og stöðugilda skýrist með fjölgun starfsmanna við skólann yfir sumarið og að hluta af starfsmannaveltu. Yfir sumarið kom fólk til starfa við ýmsar rannsóknir innan deildanna, við staðarhald og á skólabúinu. Fastir starfsmenn við skólann voru aftur á móti 45 í 37,7 stöðugildum.

Á árinu hófu störf við skólann: Doriane Combot, Emilía Örlygsdóttir, Helga Konráðsdóttir, Herdís Zophaníasdóttir, Pétur Örn Sveinsson, Sólberg Logi Sigurbergsson, Þórir Ísólfsson og Þórunn Reykdal. Þær Helga og Herdís unnu báðar tímabundið við háskólann og hættu störfum á árinu. Á árinu létu af störfum: Anna Maria Jansson, Fredrica Anna Lovisa Fagerlund, Guðmundur Jökull Jónsson og Georgette Leah Burns. Eru þeim þökkun vel unnin störf í þágu skólans.

Stoðþjónusta

Fjármála- og þjónustusvið

Hlutverk fjármálasviðs er að annast fjárreiður skólans í umboði rektors. Fjármálastjóri er yfirmaður fjármálasviðs, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar sem er unnin í samvinnu við framkvæmdaráð skólans. Á fjármálasviði er bókhald skólans unnið og eftirlit haft með því að rekstur sé í samræmi við gildandi heimildir.

Skrifstofu- og mannauðsstjóri er yfirmaður þjónustusviðs. Þjónustusvið hefur yfirumsjón með mannauðsmálum og annarri þjónustu við starfsmenn, nemendur og gesti skólans ásamt fjölmörgum öðrum verkefnum. Undir þjónustusviðið heyrir tölvuþjónusta, staðarhald, þjónustuborð og bókasafn. Starfsmenn sviðsins voru tíu á árinu, í 8,6 stöðugildum.

Tölvu- og tæknimál

Samstarf Háskólans á Hólum við aðra háskóla í tölvu- og tæknimálum hefur verið farsælt og um árábil hefur skólinn verið hluti af RHneti (www.rhnet.is). Skólinn hefur notið góðs af samstarfi opinberu háskólanna, en í því felst meðal annars sameiginlegur rekstur á innri vef (ugla.holar.is) og nemendabókhaldskerfi sem og kennslukerfinu Moodle. Bæði kerfin voru sett upp í samstarfi við Reiknistofnun Háskóla Íslands og eru hýst þar. Einnig hafa starfsmenn og nemendur nýtt sér Skemmuna (www.skemman.is), en það er sameiginlegur vefur er hýsir lokaritgerðir allra nemenda við háskóla landsins auk fræðilegra greina starfsmanna. Eins og mörg undanfarin ár hefur skólin notað póst- og vefþjónustur hjá Google með góðum árangri. Notkun fjarfundabúnaðar (Polycom HDX-7000) til þátttöku á fundum sem og til kennslu var almenn á árinu..

Bókasafn

Á árinu var samstarfi við Bókasafn Háskólans á Akureyri (HA) um skráningu og þjónustu við lánþega haldið áfram. Þetta samstarf hófst 2010. Starfsmenn bókasafns HA komu að kennslu í heimildanotkun og gagnaöflun í upphafi skólaárs. Starfsmenn safnsins eru með viðveru á Hólum aðra hverja viku og eftir þörfum tengt staðbundnum lotum. Einnig veitir starfsfólk nemendum og kennurum þjónustu með námskeiðum á Hólum, í gegnum tölvupóst og síma.

Kynningarmál

Kynningarmál skólans voru einkum þátttaka í Háskóladeginum, sem fram fór í Reykjavík og sjö bæjarfélögum vítt og breitt um landið. Einnig var háskólinn kynntur á Degi menntunar í

ferðapjónustu, auk móttöku hópa og einstaklinga á Hólum. Nemendur Háskólans á Hólum taka virkan þátt í kynningarstarfi skólans. Jafnframt er öflugt kynningarstarf á vefmiðlum, heimasíðu skólans og facebook.



Háskólanemar frá Salisbury University á sumarnámskeiði á Hólum

Deildir

Háskólinn á Hólum býður nám í þremur deildum: Ferðamáladeild, fiskeldis- og fiskalíffræðideild og hestafræðideild.

Ferðamáladeild

Nám og kennsla

Á árinu var boðið upp á fjórar námsleiðir við deildina: Diplóma í ferðamálafræði, diplóma í viðburðastjórnun, BA í ferðamálafræði og MA í ferðamálafræði.

Útskrifaðir voru alls 50 nemendur við tvær athafnir, í júní og október. Í júní útskrifuðust samtals 36 nemendur frá deildinni: 1 með diplómu í ferðamálafræði, 13 með diplómu í viðburðastjórnun og 22 með BA gráðu í ferðamálafræði. Í október útskrifuðust 14 nemendur frá deildinni: sex nemendur með diplómu í ferðamálafræði, sex með diplómu í viðburðastjórnun og tveir með BA gráðu í ferðamálafræði.

Haustið 2015 voru 79 nýnemar innritaðir við deildina. Þar af voru 37 nýnemar í ferðamálafræði á grunnnámsstigi (FDP og FBA), 40 í viðburðastjórnun og tveir í MA nám í ferðamálafræði. Auk þess sóttu nám við deildina tveir erlendir skiptinemar á haustönn. Miðað við árið 2014, hélst fjöldi nýnema nokkuð stöðugur á grunnnámsstigi í ferðamálafræði, en alltaf er nokkur hópur nemenda sem færa sig úr diplómunámi í ferðamálafræði yfir í BA námið. Alls var lokið 6290 ECTS einingum frá deildinni á árinu. Þann 15. október voru innritaðir nemendur í deildinni sem hér segir: 43 í diplómunámi í viðburðastjórnun, átta í diplómunámi í ferðamálafræði, 78 í BA-námi í ferðamálafræði og fjórir í MA-námi í ferðamálafræði.

Starfsfólk

Fastráðið starfsfólk við deildina er sjö fræðimenn. Að auki voru sjö sérfræðingar ráðnir til stundakennslu við deildina, allir sem verktakar í einstökum námskeiðum. Fimm starfsmenn annarra deilda háskólans komu jafnframt að kennslu við ferðamáladeild á árinu.

Stjórnun

Georgette Leah Burns dósent lét af störfum sem deildarstjóri 15. desember, eftir eins og hálf ára setu. Laufey Haraldsdóttir lektor tók við deildarstjórn sama dag. Fulltrúi deildar í framhaldsnámsnefnd var Ingibjörg Sigurðardóttir. Fulltrúi deildar í kennslunefnd var Laufey

Haraldsdóttir. Fulltrúi deildar í rannsóknarnefnd var Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. Fulltrúar deildar í námsnefnd voru Kjartan Bollason og Georgette Leah Burns. Fulltrúar nemenda í nefndum á vegum deildar voru Maria de Araceli Quintana, Helga Sigríður Þórarinsdóttir, María Indriðadóttir og Hjördís Garðarsdóttir.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni voru einkum á eftirfarandi sviðum: ferðapjónusta á jaðarsvæðum, áhrif virkjanaáætlana á ferðapjónustu, félagsleg áhrif ferðapjónustu, hestatengd ferðapjónusta, matartengd ferðapjónusta, og náttúrutengd ferðapjónusta.

Á árinu ritstýrðu tveir starfsmenn deildarinnar bók um ferðamál, auk þriðja ritstjóra. Jafnframt birti starfsfólk deildarinnar þrjá bókakafla, birti fjórar ritrýndar greinar í tímaritum og tvær greinar í ritstýrðum ráðstefnuritum. Starfsfólk kynnti verk sín í átta fyrirlestrum á alþjóðlegum ráðstefnum og hélt átta fyrirlestra á innlendum ráðstefnum og fundum.

Fyrirlestraröð Ferðamáladeildar, *Vísindi og grautur*, hófst árið 2007. Hún samanstendur af u.þ.b. mánaðarlegum opnum fyrirlestrum um rannsóknir á ferðapjónustu/ferðamennsku eða tengdu efni. Á árinu voru haldnir átta opnir fyrirlestrar og tveir þeirra af erlendum gestum deildarinnar:

4. febrúar. Dr. Edward Huijbens, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála: *Staða rannsókna í ferðamálum á Íslandi - Hlutverk fræðasamfélagsins*.
5. febrúar. Ingeborg Nordbø, dósent í ferðamálafræði við viðskiptadeild Háskólans í Þelamörk í Noregi, var gestakennari við ferðamáladeild Háskólans á Hólum dagana 2.- 5. febrúar og hélt opinn fyrirlestur í *Vísindi og grautur*.
5. mars. Andrés Arnalds fagmálastjóri Landgræðslu ríkisins: *Stígum varlega til jarðar - áhrif ferðamennsku á náttúru Íslands*.
18. mars. Sandra Granquist, Selasetur Íslands: *Codes of conduct: Managing interactions between visitors and wildlife in natural areas*.
9. apríl. Andreas Muhar frá BOKU-háskólanum í Vínarborg: *Recreation demands in a segmented society as challenges for planning*
16. september. Laufey Haraldsdóttir lektor í Ferðamáladeild HH: *Að setja sálina í pottana: ferðapjónusta, staður, matur og margbreytileiki*
5. október. Susanna Heldt Cassel frá Dalarna Universitet í Svíþjóð: *Farm tourism and community development*
9. desember. Georgette Leah Burns, deildarstjóri Ferðamáladeildar. *Kveðjufyrirlestur*

Þjónusta og samstarf

Starfsfólk ferðamáladeildar veitir ýmiss konar þjónustu, til atvinnugreinarinnar, vísindasamfélagsins og stjórnsýslunnar.

Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) er samstarfsverkefni þriggja háskóla: Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Háskólans á Hólum. Ferðamáladeild tekur eftir sem áður virkan þátt í því samstarfi, þar sem deildarstjórinn á sæti í stjórn miðstöðvarinnar.

Ferðamáladeild á líkt og áður í formlegu samstarfi við Selasetur Íslands með sameiginlegum starfsmanni stofnananna, sem stundar kennslu og rannsóknir.

Starfsfólk ferðamáladeildar tekur auk þess þátt í ýmsum samvinnuverkefnum: Tveir starfsmenn sitja í stjórn Ferðapjónustunnar á Hólum, annar sem formaður stjórnar. Ferðamáladeild á fulltrúa í stjórn Fornverkaskólans sem er samstarfsverkefni Byggðasafns Skagfirðinga, Tréiðnaðardeildar Fjölbautaskóla Norðurlands vestra og ferðamáladeildar. Ferðamáladeild á fulltrúa í stjórn Matarkistan Skagafjörður sem hýst er hjá Sveitarfélaginu Skagafirði og þá situr starfsmaður deildarinnar í stjórn Menningarráðs Norðurlands vestra.

Frá upphafi hefur ferðamáladeildin lagt áherslu á tengsl og samvinnu við stofnanir ferðapjónustunnar, atvinnugreinina og samfélagið í heild. Þessi tengsl verða ekki hvað síst til í gegnum kennslu. Sem dæmi um slíkt má nefna fjölbreyttar vettvangsferðir nemenda í fyrirtæki og stofnanir, nemendaverkefni sem fólu í sér fjáröflun til góðgerðarmála í samfélaginu, samvinnu við grunnskóla í héraði um útikennslu og stígagerð, og morgunverðarfundir starfsfólks og nemenda deildarinnar með sveitarstjórnarfólki á alþjóðlegum degi ferðapjónustunnar. Einnig er samvinna við Nýsköpunarmiðstöð um kennslu, vinnusmiðjur og nýsköpunarverkefni ýmiskonar. Ferðamáladeild hefur nýtti sér samstarfvettvang opinberu háskólanna til að auka fjölbreytni og gæði í kennslu með gestafyrirlesurum og miðlað þannig markvisst sérfræðipækkingu til nemenda.

Tveir fundir voru haldnir í fagráði ferðamáladeildar. Ráðinu er ætlað að veita ráðgjöf um framboð námsleiða, kennslu og rannsóknir, frá sjónarhóli atvinnugreinarinnar og stofnana hennar. Í ráðinu sitja deildarstjóri ferðamáladeildar, ásamt fulltrúum frá Ferðamálastofu, Samtökum ferðapjónustunnar, Ferðamálasamtökum Íslands og Ferðapjónustu bænda.

Á árinu undirrituðu Ferðamálastofa og ferðamáladeild samning um að deildin annist rannsókn á félagslegum áhrifum ferðamanna og ferðapjónustu á íslenskt samfélag. Rannsóknin fór fram í fjórum bæjarfélögum og tóku þrír starfsmenn deildarinnar þátt í henni, ásamt einum meistaranema.

Þá tók ferðamáladeild að sér rannsóknir, fyrir faghóp Rammaáætlunar, á áhrifum fyrirhugaðra virkjana í skagfirsku jökulánum á ferðapjónustu í Skagafirði.

Ferðamáladeild, í samstarfi við Háskólann í Tromsø, stóð fyrir málþingi á Hólum undir yfirskriftinni „Hundar, hestar og ferðafólk“. Kynnt voru rannsóknarverkefni og nánara

rannsóknarsamstarf rætt, m.a. í tengslum við ferðaþjónustu með hunda og hesta, þróun áfangastaða og jaðarsvæði í norðri.

Verkefninu Riding Native Nordic Breeds lauk á árinu með útgáfu fræðsluefnis fyrir núverandi og verðandi rekstraraðila og starfsfólk í hestaferðaþjónustu þar sem notuð eru upprunaleg norrræn hestakyn. Verkefnið náði upphaflega til Noregs, Færeyja og Íslands en aðilar frá fleiri löndum tengdust verkefninu þegar á leið.

Samstarfsverkefni Ferðamálasamtaka Norðurlands vestra um hestaklasa lauk með kynningu á aðalfundi samtakanna á árinu.

Styrkur hlaust vegna verkefnis um afþreyingu í sjó og vatni sem unnið var í samstarfi við Samtök ferðaiðnaðarins og Ferðamálaráð.

Starfsmenn deildarinnar tók þátt í undirbúningi og skipulagningu *The 24th Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research* sem haldið var í Reykjavík og bar yfirskriftina „Responsible Tourism“. Jafnframt stýrðu starfsmenn deildarinnar málstofum á ráðstefnunni og fluttu fjögur erindi.

Að auki sitja starfsmenn deildarinnar í ýmsum innlendum og alþjóðlegum vinnuhópum, prófessor við deildina situr í ritstjórn tímaritsins *Scandinavian Journal of Hospitality og Tourism*, auk þess sem starfsmenn deildarinnar taka þátt í að ritrýna fræðigreinar í sínu fræðasamfélagi fyrir viðurkennd tímarit.

Fiskeldis- og fiskalíffræðideild

Nám og kennsla

Á árinu útskrifuðust fimm einstaklingar frá deildinni, fjórir úr diplómunámi í fiskeldisfræði og einn með MS gráðu í sjávar og vatnalíffræði. Auk þessa vörðu Jónína Herdís Ólafsdóttir og Jóhann Garðar Þorbjörnsson meistaraverkefni sín í nóvember, en munu formlega útskrifast í júní 2016. Á vormisseri innrituðust þrír og á haustmisseri fjórtán einstaklingar í diplómu nám í fiskeldi. Er hér um að ræða töluverða fjölgun á nemendum, en nemendafjöldi í diplómunámi hefur sveiflast mikið frá því að deildin hóf að bjóða upp á námið. Nú er hann nærri því mesta sem sést hefur. Til viðbótar við diplómunámið er töluverður áhugi á framhaldsnámi við deildina og voru á árinu sex meistaraneimar við deildina og níu nemendur sem unnu að doktorsverkefnum undir leiðsögn sérfræðinga deildarinnar. Allir eru doktorsnemarnir skráðir við aðra háskóla. Auk þess hefur í vaxandi mæli verið tekið á móti innlendum og erlendum skiptinimum og voru þeir alls 17 á árinu. Erlendu nemendurnir koma nær allir til að stunda verknám undir leiðsögn sérfræðinga deildarinnar.

Rannsóknir

Á árinu voru rannsóknir við deildina öflugar og jukust rannsóknartekjur á árinu. Deildin hefur fest sig vel í sessi sem augljós valkostur til samstarfs á sviði fiskeldis og vatnalíffræði og hafa sérfræðingar deildarinnar komið upp öflugum neti samstarfsaðila bæði hérlandis og erlendis. Til viðbótar við verkefni sem í gangi eru frá fyrri árum sóttu starfsmenn deildarinnar um fjölmarga styrki til nýrra verkefna. Auk þess var á árinu unnið að uppbyggingu á rannsóknaraðstöðu deildarinnar í Verinu, en deildin fékk styrk til þess frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Á árinu greindu starfsmenn deildarinnar frá niðurstöðum rannsókna sinna í ræðu og riti. Fimm greinar voru birtar í ISI tímaritum, auk þriggja greina og bókarkafla í öðrum ritrýndum ritum. Auk þess hélt starfsfólk og nemendur deildarinnar 25 fyrirlestra á alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum og í boði háskóladeilda, auk þess að sýna átta veggspjöld.

Þjónusta og samstarf

Háskólinn á Hólum annast bleikjukynbætur samkvæmt samningi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Samningurinn kveður m.a. á um að Háskólinn á Hólum skuli sjá bleikjuframleiðendum á Íslandi fyrir hrognum úr kynbættum stofni og að ekki sé heimilt að

selja hrogn af stofninum úr landi. Kynbæturnar eru fjármagnaðar að hluta til með framlagi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins sem og með hrognasölu.

Starfsmenn fiskeldis- og fiskalíffræðideildar sitja í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera sem lúta að faglegum málefnum. Bjarni K. Kristjánsson er formaður nefndar um innflutning framandi lífvera. Stefán Óli Steingrímsson er í nefnd um erfðabreyttar lífverur. Helgi Thorarensen situr í stjórn Veiðimálastofnunar, en Stefán Óli er þar varamaður. Skúli Skúlason er formaður faghóps í þriðju rammaáætlun um virkjanakosti. Bjarni K. Kristjánsson var í ritnefnd Environmental Biology of Fishes.



Barry Costa-Pierce flytur erindi um farmtíð og sóknarfæri sjávareldis

Hestafræðideild

Nám og kennsla

Alls stunduðu 54 nemendur nám í hestafræðideildina á árinu og brautskráðust 13 með BS próf í reiðmennsku og reiðkennslu og tveir með diplóma sem hestafræðingar og leiðbeinendur. Sex nemendur mættu í inntökupróf fyrir sameiginlega námsbraut Háskólans á Hólum og Landbúnaðarháskólans. Alls hófu 22 nemendur nám í reiðmennsku og reiðkennslu að hausti.

Innra úttekt á gæðum náms fór fram við deildina á árinu. Farið var í saumana á öllu sem tengist starfsemi deildarinnar í þeirri vinnu. Dr. Göran Dahlin var fenginn sem utanaðkomandi ráðgjafi til starfa og reyndist hann afar hjálpsamur og greindi með okkur starfsemina. Þessi vinna var unnin í samræmi við reglur gæðaráðs Háskóla og skilaði skólinn skýrslu til gæðaráðsins.

Nemendur og kennarar tóku þátt í ýmsum viðburðum innan og utan skólans, s.s. hestamótum, kennslusýningum og æfingakennslu í reiðmennsku í samvinnu við grunn- og framhaldsskóla héraðsins.

Starfsmenn

Einn reiðkennari hætti störfum, Fredrica Fagerlund og í hennar stað var ráðin Linda Rún Pétursdóttir. Einnig hætti einn starfsmaður á búi, Guðmundur Jökull Jónsson og var ráðinn í hans stað Sólberg Logi Sigurbergsson.

Rannsóknir

Helstu rannsóknir á árinu voru á sviði þjálfunarlífeðlisfræði og hreyfingafræði. Starfsmenn deildarinnar greindu frá niðurstöðum rannsókna í ræðu og riti. Tvær vísindagreinar voru birtar í erlendum ritrýndum tímaritum, fjórir útdrættir og nokkrir fyrirlestrar haldnir á alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum. Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir lektor við deildina varði á haustmánuðum doktorsritgerð sína við sænska landbúnaðarháskólann. Ritgerðin fjallaði um þjálfunarlífeðlisfræði íslenska hestsins. Fjölmörg smærri nemendaverkefni settu svip á skólastarfið á haustönn.

Búrekstur – hrossahald

Skólinn á um 100 hross og er tæpur helmingur þeirra tamdir kennsluhestar. Umfang hrossaræktarinnar hefur verið svipað um árabil en tíu folöld fæddust á árinu. Eitt hross var selt á árinu, Svaði frá Hólum, sem gerði síðan garðinn frægan á HM hestamanna í Danmörku og

hlaut þar 8,63 í aðaleinkunn og 2 sætið í sínum flokki. Einnig var sýnd hryssan Mylla frá Hólum og hlaut hún afar góða einkunn eða 8,37. Annar graðhestur var sýndur á árinu, Flugnir frá Hólum. Hann hlaut 8,13 í aðaleinkunn, en var geltur vegna eistnagalla. Tvær hryssur voru boðnar til sölu á árinu en seldist hvorug. Húshross í umsjón skólans voru 150-200, eftir viðfangsefnum og árstíma, en útigangur taldi 70-80 hross. Auk þess voru jafnan 20-30 hross í starfsmannahesthúsinu á Skeiðmel. Nemendur sóttu mikið um að koma að hrossum í hesthúsum skólans og er nú svo komið að ekki er hægt að sinna þeirri eftirspurn nema að hluta og voru nærri 70 hross á biðlista með að komast inn þegar mest var. Það er því ljóst að ekki eru næg hesthúspláss við skólann til að hægt sé að veita nemendum þá þjónustu sem þeir sækjast eftir. Einnig er svo komið að reiðhallir eru rúmlega fullsetnar og bæta þarf aðstöðu til útikennslu.

Önnur verkefni

Reiðkennarar skólans tóku þátt í ýmsum reiðsýningum og mótum á árinu s.s. Íslandsmóti, Meistaradeild Norðurlands, KS mótaröðinni og kennslusýningum í Finnlandi og Noregi. Starfsfólk hestafræðideildar Háskólans á Hólum tekur virkan þátt í stefnumótun og þróun starfsgreinarinnar með setu í fagraði í hrossarækt, faghópum FT og í stjórn markaðsverkefnisins „Horses of Iceland“.

Haustið 2015 var ráðist í uppbyggingu á útisvæði skólans svo mögulegt væri að taka á móti keppendum og gestum sem væntanlegir eru á Landsmót 2016. Einn nýr völlur var byggður frá grunni, kynbótabraut, sem er 250 metra löng og sjö metra breið. Einnig var við þann völl gert reiðgerði til útikennslu (25mx65m). Áhorfendamanir voru byggðar við aðalvöll sem og við kynbótabraut. Stærð þeirra samanlagt er um 7500 fermetrar. Einnig voru aðalvöllur, skeiðbraut og upphitunurvöllur endurbyggðir. Keyrt var í reiðvegi, þeir endurgerðir og nýir byggðir, alls um tveir km. Starfsmenn hestafræðideildar komu að uppbyggingunni og voru ráðgefandi við uppbyggingu á útisvæði svo það mætti nýtast sem best við kennslu í reiðmennsku og þjálfun hrossa.

Skólinn hefur umsjón með Knapamerkjunum en í henni felst ýmiskonar umsýsla og þjónusta við reiðkennara og nemendur, s.s. sala kennslubóka og skráning prófniðurstaðna. Fjöldi þeirra sem þreyttu Knapamerkjapróf var mjög svipaður og árið 2014 og alls voru skráð 359 próf í gagnagrunn Knapamerkjakerfisins á árinu.

Deildarstjóri situr í stjórn Söguseturs íslenska hestsins en helstu verkefni þess á árinu voru: a) Móttaka gesta yfir sumarmánuðina, b) undirbúningur fyrir fræðslu og sýningar tengdar Landsmóti hestamanna.



Frá námskeiði í reiðmennsku og reiðkennslu á Hólum

Kennslu- og framhaldsnámssvið

Hlutverk kennslusviðs er að halda nemendaskrá, kennsluskrá og miðlun náms- og kennslutengdra upplýsinga til nemenda og kennara. Sviðsstjóri kennslusviðs er jafnframt sviðsstjóri framhaldsnámssviðs. Starfsmönnum sviðanna til fulltingis eru sérstakar nefndir hvor á sínu sviði, kennslunefnd og framhaldsnámsnefnd, sem meðal annars bera ábyrgð á gæðastjórnun námsins. Um svið þessi og nefndir er fjallað í greinum 8. og 9 í starfsreglum Háskólans á Hólum.

Á árinu störfuðu þrír starfsmenn í 1,45 stöðugildum á kennslu- og framhaldsnámssviði. Margar smærri stofnanir glíma við þann vanda að tiltekin sérfræðistörf séu skilgreind sem hlutastörf. Sú ákvörðun var tekin, seint á árinu 2014, að auglýsa stöðu námsráðgjafa, sem einnig myndi sinna störfum alþjóðafulltrúa, en bæði þessi störf heyrðu undir kennslusvið. Í starfið tókst að ráða sérmenntaðan einstakling, sem kom til starfa í janúar. Í kjölfarið þróuðust mál þannig, að viðkomandi sinnti einnig námsráðgjöf við Grunnskólann austan Vatna og enn fremur við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri (LbhÍ). Frá því í mars 2015 sinnir alþjóðafulltrúi LbhÍ sömu málefnum við Háskólann á Hólum, og er þetta í anda aukins samstarfs opinberu háskólanna. Áðurnefndur námsráðgjafi lét af störfum í lok vorannar, en á haustönn hafði skólinn á að skipa námsráðgjafa í 20% starfi.

Við Háskólann á Hólum er boðið upp á sjö námsleiðir í grunnnámi. Allt nám í hestafræðideild er staðnám, en allar grunnnámsleiðir í öðrum deildum eru auk þess í boði sem blandað nám, þ.e. fjarnám með staðbundnum lotum. Vorið 2015 bárust alls 167 umsóknir um grunnnám, þar af 104 í ferðamáladeild, 44 í hestafræðideild og 19 í fiskeldis- og fiskalíffræðideild. Brautskráningar úr grunnnámi voru 69. Tveir nemar voru í skiptinámi erlendis á vorönn og einn skiptinemi við nám hér, en á haustönn voru hér tveir skiptinemar á meðan einn af nemendum Háskólans á Hólum var við skiptinám erlendis. Auk þess var nokkuð um gestanám milli opinberu háskólanna, og sem fyrr er nokkru meira um að nemendur annarra skóla taki námskeið við Háskólann á Hólum en öfugt. Yfirlit um brautskráningar og innritaða nemendur er að finna í töflu 1. Fjöldi innritaðra í töflunni miðast við 1. október 2015 og nær yfir þá sem eru innritaðir til náms á háskólaárinu 2015 – 2016. Tölur um brautskráningu miðast við allt árið 2015.

Alls lögðu 13 einstaklingar stund á meistaranám við Háskólann á Hólum á almanaksárinu 2015. Einn brautskráðist með MS í sjávar- og vatnalíffræði í júní, og aðrir tveir luku meistaraþrófsvörnum í nóvember, og munu útskrifast í júní 2016. Í árslok eru, auk

þessara tveggja, nú nemendur innritaðir í meistaranám við skólann, þar af einn í leyfi frá námi.

Háskólinn á Hólum býður ekki upp á doktorsnám, en starfsmenn skólans koma að leiðsögn doktorsnema við aðra skóla, einkum Háskóla Íslands. Alls voru nú slíkir nemendur við nám við fiskeldis- og fiskalíffræðideild skólans á árinu. Auk þess tók deildin á móti 12 erlendum rannsóknarverknum á árinu.

Kennslunefnd fundar að meðaltali einu sinni í mánuði frá ágúst og fram í maí, auk þess sem hún kemur að inntökuprófum umsækjenda sem óska eftir undanþágu frá stúdentsprófi. Enn fremur er hún kölluð til aukafunda, ef einstök mál kalla á afgreiðslu utan reglulegs fundartíma. Framhaldsnámsnefnd fundaði einu sinni á hvorri önn, en auk þess voru mál sem undir hana heyra afgreidd með rafrænum hætti.

Auk þess að sinna gæðastjórnun eins og kveðið er á um í starfsreglum, kom kennslusvið að gæða- og úrbótaverkefnum í samræmi við óskir rektors. Meðal annars að námskeiðaröð í kennslufræðum fyrir starfandi kennara við skólann, en tvö slík námskeið voru haldin á haustönn.

Tafla 1. Nemendafjöldi í grunnnámi 1. október 2015.

<i>Námsleið</i>	<i>Eldri nemar</i>	<i>Ný- nemar</i>	<i>Í leyfi</i>	<i>Alls inn- ritaðir</i>	<i>Brautskráðir á árinu</i>
Diplóma í viðburðastjórnun	10	36		46	20
Diplóma í ferðamálafræði	0	9	1	10	6
BA í ferðamálafræði	61	22		83	24
Diplóma í fiskeldisfræði	4	13		17	4
Diplóma - leiðbeinendapróf	0	1		1	2
Diplóma í tamningum	0	0		0	0
BS í reiðmennsku og reiðkennslu	32	22	2	56	13
Alls	107	103	3	213	69



Brautskráning að vori



Brautskráning að hausti

Rannsóknasvið

Starfsemi

